

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum.

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, sem vísað er til í 56n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 39, dags. 31. júlí 2003 (bls. 19), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal:**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2099/2002**

frá 5. nóvember 2002

**um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS)
og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum.**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðstafanirnar til framkvæmdar gildandi reglugerðum og tilskipunum um öryggi á höfunum voru samþykktar með stjórnsýslumálsmeðferð í nefndinni sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan Bandalagsins ⁽⁵⁾ og, í sumum tilvikum, í sérstakri nefnd. Þessar nefndir unnu eftir reglunum sem settar eru fram í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE frá 13. júlí 1987 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁶⁾.
- 2) Með ályktun sinni frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafinu ⁽⁷⁾ samþykkti ráðið að meginreglu til að komið yrði á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu að stofnun slíkrar nefndar.

- 3) Hlutverk nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt lögum Bandalagsins um öryggi á höfunum, varnir gegn mengun frá skipum og um vernd aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð, og að veita framkvæmdastjórninni aðstoð og ráð í öllum málum er varða öryggi á höfunum og það að koma í veg fyrir eða draga úr mengun umhverfisins af völdum skipa-útgerðar.

- 4) Í samræmi við ályktunina frá 8. júní 1993 ber að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum og fela henni þau verkefni sem áður voru á hendu nefndanna sem komið var á fót samkvæmt fyrrgreindum lögum. Í öllum, nýjum lögum Bandalagsins, sem eru samþykkt á sviði öryggis á höfunum, skal skirskotað til þeirrar nefndar.

- 5) Ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁸⁾ hefur komið í stað ákvörðunar 87/373/EBE og því gilda ákvæði hennar gagnvart nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum. Tilgangurinn með fyrri ákvörðuninni er að skilgreina málsmeðferð, sem nefndin getur beitt, og tryggja Evrópuþinginu og almenningi ítarlegri upplýsingar um störf nefndanna.

- 6) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til að koma fyrrnefndum lögum í framkvæmd, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun 1999/468/EB.

- 7) Einnig ber að breyta fyrrgreindum lögum svo að nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum komi í stað nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 93/75/EBE eða, ef við á, sérstakrar nefndar sem komið er á fót samkvæmt tilteknum lögum. Með þessari reglugerð skal einkum breyta viðeigandi ákvæðum í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 276.⁽²⁾ Stjtið. EB C 139, 11.5.2001, bls. 21.⁽³⁾ Stjtið. EB C 253, 12.9.2001, bls. 1.⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 276, 1.10.2001, bls. 42), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. maí 2002 (Stjtið. EB C 170 E, 16.7.2002, bls. 37) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 24. september 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/74/EB (Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7).⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 197, 18.7.1987, bls. 33.⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- frá einni skipaskrá til annarrar innan Bandalagsins⁽¹⁾, (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) A. 747 (18) um beitingu mælingarreglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í oliuflutningaskipum⁽²⁾, (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum⁽³⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir oliuskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94⁽⁴⁾ til að fella inn í þær vísun í nefndina um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum og innleiða stjórnsýslumálsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
- 8) Enn fremur eru fyrrgreind lög byggð á beitingu reglna sem grundvallast á alþjóðlegum gerningum sem eru í gildi þann dag sem viðkomandi gerð Bandalagsins er samþykkt eða þann dag sem er tilgreindur í lögnum. Af því leiðir að aðildarríkin geta ekki beitt síðari breytingum á þessum alþjóðlegu gerningum fyrr en tilskipunum eða reglugerðum Bandalagsins hefur verið breytt. Þetta veldur verulegum vandkvæðum, einkum seinkun á því að nýjustu og ströngustu alþjóðlegu öryggisstöðlum sé beitt í Bandalaginu, vegna þess hve erfitt er að tryggja að alþjóðlegar breytingar taki gildi sama dag og breyting á reglugerðum sem fella þessar breytingar inn í lög Bandalagsins.
- 9) Þó er nauðsynlegt að gera greinarmun á ákvæðum gerðar Bandalagsins, þar sem vísað er til alþjóðlegs gernings m.t.t. beitingar þessara ákvæða, og ákvæðum Bandalagsins þar sem alþjóðlegur gerningur er endurtekinn að öllu leyti eða að hluta. Í síðarnefnda tilvikinu geta nýjustu breytingar á alþjóðlegum gerningum þó ekki tekið gildi fyrr en viðkomandi ákvæðum Bandalagsins hefur verið breytt.
- 10) Aðildarríkin skulu því hafa leyfi til að beita nýjustu ákvæðum alþjóðlegra gerninga, að undanskildum þeim sem þegar hafa beinlínis verið tekin upp í gerð Bandalagsins. Þetta má gera með því að geta þess að viðkomandi tilskipun eða reglugerð varði beitingu alþjóðasamnings í „nýjustu útgáfu“ án þess að tilgreina dagsetningu.
- 11) Til að viðhalda gagnsæi er rétt að viðeigandi breytingar á alþjóðlegum gerningum, sem eru felldar inn í siglingalöggjöf Bandalagsins, séu gerðar aðgengilegar í Bandalaginu með birtingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- 12) Þó ber að taka upp sérstaka málsmeðferð fyrir samræmisathugun til að framkvæmdastjórnin geti, að höfðu samráði við nefndina um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að breytingar á alþjóðlegum gerningum verði ósamrýmanlegar fyrrgreindum lögum eða stefnu Bandalagsins varðandi siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og verndun aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð eða þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim lögum. Slík málsmeðferð á einnig að koma í veg fyrir að alþjóðlegar breytingar geti dregið úr því siglingaöryggi sem náðst hefur í Bandalaginu.
- 13) Málsmeðferðin fyrir samræmisathugun kemur ekki að fullum notum nema ráðstafanir, sem eru áformaðar, séu samþykktar eins fljótt og unnt er og í öllum tilvikum áður en frestur fyrir gildistöku alþjóðlegru breytinganna rennur út. Þess vegna er rétt að tíminn, sem ráðið hefur til að taka ákvörðun um fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, sé einn mánuður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið.

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að bæta framkvæmd löggjafar Bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 2. gr. um siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og verndun aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð:

- a) með því að miðstýra verkefnum nefndanna sem komið var á fót samkvæmt siglingalöggjöf Bandalagsins en með þessari reglugerð kemur í þeirra stað ein nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem nefnist COSS,
- b) með því að hraða uppfærslu og auðvelda síðari breytingar á siglingalöggjöf Bandalagsins í ljósi þróunar alþjóðlegru gerninganna sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Alþjóðlegir gerningar“: samningar, bókanir, ályktanir, kóðar, reglusöfn, dreifibréf, staðlar og ákvæði sem eru samþykkt á alþjóðlegri ráðstefnu, af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO), Alþjóðavinnuálastofnuninni (ILO) eða aðilum að viljayfirlýsingu sem um getur í gildandi ákvæðum siglingalöggjafar Bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 68, 15.3.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 320, 30.12.1995, bls. 14. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) No 179/98 (Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 35).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1.

2. „Siglingalöggjöf Bandalagsins“: gildandi lagagerðir Bandalagsins sem eru taldar upp hér á eftir:
- reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91,
 - tilskipun ráðsins 93/75/EBE,
 - reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94,
 - tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ⁽¹⁾,
 - tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hafnarríkiseftirlit ⁽²⁾,
 - reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95,
 - tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ⁽³⁾,
 - tilskipun ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri ⁽⁴⁾,
 - tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽⁵⁾,
 - tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja Bandalagsins ⁽⁶⁾,
 - tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum ⁽⁷⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ⁽⁸⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽⁹⁾,
 - tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB frá 4. desember 2001 um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa ⁽¹⁰⁾,
 - reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002.

3. gr.

Nefnd komið á fót.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um öryggi á höfnum og varnir gegn mengun frá skipum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/105/EB (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 9).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/75/EB (Stjtið. EB L 254, 23.9.2002, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 34, 9.2.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/35/EB (Stjtið. EB L 112, 27.4.2002, bls. 21).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/25/EB (Stjtið. EB L 98, 15.4.2002, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 13, 16.1.2002, bls. 9.

2. Þegar vitnað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

Samþætting breytinga á alþjóðlegum gerningum í Bandalaginu.

Siglingalöggjöf Bandalagsins skal ná til þeirra alþjóðlegra gerninga sem hafa tekið gildi, þ.m.t. nýjustu breytinga á þeim, að frátöldum breytingum sem eru undanskildar gildissviði siglingalöggjafar Bandalagsins á grundvelli málsmeðferðar fyrir samræmisathugun sem er ákveðin með 5. gr.

5. gr.

Málsmeðferð fyrir samræmisathugun.

1. Að því er varðar þessa reglugerð, og með það fyrir augum að draga úr þeirri hættu að árekstrar verði á milli siglingalöggjafar Bandalagsins og alþjóðlegra gerninga, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin vinna saman, með samræmingarfundum og/öðrum viðeigandi aðferðum, að því að skilgreina, eftir því sem við á, sameiginlega afstöðu eða nálgun á lögmætum vettvangi í alþjóðamálum.

2. Hér með er komið á málsmeðferð fyrir samræmisathugun með það fyrir augum að einungis verði undanskildar frá gildissviði siglingalöggjafar Bandalagsins þær breytingar á alþjóðlegum gerningum sem, að mati framkvæmdastjórnarinnar, hafa í för með sér augljósa hættu á því að alþjóðlega breytingin dragi, innan gildissviðs þeirra reglugerða eða tilskipana sem um getur í 2. mgr. 2. gr., úr kröfum í siglingalöggjöf Bandalagsins varðandi siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og verndun aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð sem settar voru með þessari löggjöf eða breytingin sé ósamrýmanleg henni.

Eingöngu má nota málsmeðferðina fyrir samræmisathugun til að breyta siglingalöggjöf Bandalagsins á sviðum sem falla óumdeilanlega undir stjórnslumálsmeðferð og eru í þrengsta skilningi innan ramma framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið.

3. Við aðstæður, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferð fyrir samræmisathugun, að beiðni aðildarríkis ef við á.

Framkvæmdastjórnin skal, jafnskjótt og hún hefur samþykkt breytingu á alþjóðlegum gerningi, senda nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum tillögu um ráðstafanir til að undanskilja viðkomandi breytingu frá viðkomandi Bandalagstexta.

Ljúka skal málsmeðferðinni fyrir samræmisathugun, þ.m.t. ef við á málsmeðferðinni sem fjallað er um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, a.m.k. einum mánuði áður en tímabilið, sem ákveðið var á alþjóðlegum grunni fyrir þegjandi samþykki á viðkomandi breytingu, rennur út eða fyrir þann dag sem fyrirhugað er að fyrrnefnd breyting öðlist gildi.

4. Sé um að ræða áhættu, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., skulu aðildarríkin, á þeim tíma sem málsmeðferð fyrir samræmisathugun stendur yfir, ekki hefja einar aðgerðir sem miða að því að samþætta breytinguna innlendra löggjöf eða beita breytingunni á viðkomandi alþjóðlegum gerningi.

6. gr.

Upplýsingar.

Allar viðeigandi breytingar á alþjóðlegum gerningum, sem eru felldar inn í siglingalöggjöf Bandalagsins í samræmi við 4. og 5. gr., skulu birtar í upplýsingarskyni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Valdsvið nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

Nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun skal fara með það vald sem henni er falið í krafti gildandi löggjafar Bandalagsins. Breyta má 2. mgr. 2. gr. með málsmeðferðinni, sem fjallað er um í 2. mgr. 3. gr., með það fyrir augum að fella inn í hana tilvísun í gerðir Bandalagsins, sem hafa öðlast gildi eftir samþykkt þessarar reglugerðar, þar sem nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum er veitt framkvæmdavald.

8. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 613/91.

Reglugerð (EBE) nr. 613/91 er breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„a) „samningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), alþjóðasamningurinn um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL66) og alþjóðasamningurinn um varnir gegn

menkun frá skipum (Marpol-samningurinn frá '73/'78) í nýjustu útgáfum, svo og bindandi ályktanir sem tengjast þessum samningum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt.“

2. Í stað 6. og 7. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem var komið á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (*) með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Breytingarnar á alþjóðlegu gerningunum, sem um getur í 1. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

(*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

(**) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

9. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 2978/94.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 2978/94:

1. Í stað g-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„g) „MARPOL-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum eins og honum var breytt með bókun frá 1978 í nýjustu útgáfu.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við 6. gr.:

„Breytingarnar á alþjóðagerningunum, sem um getur í 3. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (*).

(*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.“

3. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (*) með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

10. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 3051/95.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 3051/95:

1. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 9. gr.:

„Breytingarnar á alþjóðlegu gerningunum, sem um getur í 2. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (*).

(*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.“

2. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (*) með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

11. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 417/2002.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 417/2002:

1. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. „MARPOL-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum eins og honum var breytt með bókun frá 1978 í nýjustu útgáfu.“

2. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (*).

(*) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.“

3. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 11. gr.:

„Breytingarnar á alþjóðlega gerningnum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., má undanskilja gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.“

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. PEDERSEN

forseti.